

Nefnd um verndun starfsheitis og um nám viðurkenndra bókara **Skil á úrvinnslu og tillögum.**

Nefnd þessi var skipuð með ákvörðun stjórnar FVB eftir aðalfund í mars 2015 og auglýst eftir áhugasömum með auglýsingu á heimasíðu félagsins í apríl 2015:

<http://fvb.is/index.php/frettir/skoda-breyta/allar-felagsfrettir/1310-auglysum-ef-tir-folki-til-adh-starfa-i-nefnd-um-frekari-verndun-starfsheitis>

Stjórn FVB valdi í nefndina úr þeim sem buðu fram krafta sína og valdar voru: Hallgerður Hauksdóttir starfandi formaður FVB, Magdalena Lára Geststóttir starfandi í laga-samskipt og aganefnd FVB og Esther Ottesen viðurkenndur bókari. Fundir nefndarinnar eru launaðir. Erindisbréf / ábendingar frá stjórn FVB um hlutverk nefndarinnar var svohljóðandi:

„- Að finna út hvað þarf til að fá löggilt starfsheiti fyrir bókara.

- Að finna út (ef nám þarf að breytast) hvernig nám þarf að breytast til að uppfylla kröfu um löggildingu bókara og hvernig reynsla/ hvaða reynsla yrði þá metin sem hluti af námi versus hugsanlegt verknám ef reynsla er ónóg.

Nefndin getur komið með eigin tillögur og upplýsingar sem ekki tilheyra þessari lýsingu, sem koma fram við úrvinnslu máls. Nefndin skilar 1. nóvember til stjórnar FVB.“

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 27. maí 2015. Mættar voru Hallgerður og Magdalena Lára, en Esther boðaði forföll. Erindisbréf lesið og rætt um tilhögum vinnu. Við blasti að upplýsingaöflun var næst á dagskrá. Ákveðið að finna út hvað hafði verið unnið af félaginu fram að þessu varðandi starfsheitið og að kortleggja tilurð stéttarinnar af hálfu löggjafans sem og þróun náms vegna hennar.

Næsti fundur var haldinn 14. október og þá skoðuð innkomin gögn og upplýsingar. Mættu þar Hallgerður og Magdalena Lára, en í millitíðinni hafði Esther beðist lausnar frá því að vinna að efninu. Kom hún aftur á síðustu stigum að greinargerð þessari. Aðeins voru haldnir þessir tveir fundir nefndarinnar, en vinna nefndarmanna fólst aðallega í upplýsingaöflun og vinnslu þessarar greinargerðar.

Upplýsinga var aflað með innköllum gagna, rýni laga og reglugerða og fyrirspurnum, bæði með tölvupóstum og símtölum. M.a. var rætt við Hörpu Theodórsdóttur sérfræðing og Valgerði Rún Benediksdóttur skrifstofustjóra hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Guðmund B. Ólafsson lögfræðing á vegum VR sem hafði aðstoðað félagið áður vegna þessa, fyrrum formenn FVB, Ingu Jónu Óskarsdóttur og Júlíu Sigurbergsdóttur og fleiri sem hafa unnið fyrir félagið vegna starfsheitis bókara, einnig Elvu Ósk S Wíium formann prófanefndar bókara 2015-2018 og Snorra Jónsson sérfræðing hjá Fjármálaeftirlitinu og kennara við undirbúningsnám viðurkenndra bókara hjá EHÍ, Einar Guðbjartsson kennara við HÍ, skjalavörð hjá Skjalasafni Íslands, skjalavörð hjá fjármálaráðuneytinu, auk starfsmanna Alþingis og fleiri aðila. Hlekkir á gögn fylgja þar sem því verður við komið.

Forsaga og þróun

„Viðurkenndir bókarar“ verða formlega til með lagabreytingu

Málefni viðurkenndra bókara voru hjá fjármálaráðuneytinu frá upphafi og allt þar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið var stofnð árið 2012, sem tók þá við þeim. Í frumvarpi til breytinga á lögum um bókhald sem kom fram á vegum fjármálaráðuneytisins árið 1997, þar sem stétt viðurkenndra bókara er skilgreind, kemur fram að vilji löggjans er fyrst og fremst að tryggja að **reyndir** bókarar geti staðfest hæfi sitt með prófum. Tekið er fram að ekki sé ætlan að löggilda/lögvernda stéttina, m.a. segir í greinargerð með frumvarpinu:

„Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að búin verði til ný lögvernduð stétt manna heldur er gert ráð fyrir að stjórnvöld hlutist til um að haldin verði námskeið og síðan próf þar sem þeir sem þess óska

geta sannreynt fagþekkingu sína í bókfærslu, reikningsskilum og skattarétti og fengið síðan opinbera staðfestingu á þeirri þekkingu. Ef þeir þannig standast þær kröfur sem gerðar eru og fullnægja að öðru leyti almennum hefðbundnum hæfisskilyrðum fá þeir sérstaka viðurkenningu ráðherra á faglegri hæfni sinni. Jafnframt eru þeir teknir á sérstaka skrá sem gert er ráð fyrir að haldin sé í fjármálaráðuneytinu yfir þá einstaklinga sem hlotið hafa viðurkenningu sem bókarar með þessum hætti.

Sá kostur er ekki valinn í frumvarpi þessu að kveða á um sérstaka lögverndun, með sama hætti og gildir til að mynda um endurskoðendur, fasteignasala og bifreiðasala. Ástæðan er sú að verkefni þau sem hér um ræðir eru núna framkvæmd af hópi manna sem alls ekki er samstæður eða sambærilegur innbyrðis. Þykir því rétt að fara varlega í lögverndun á þessu stigi. Má í þessu sambandi nefna sem dæmi að ekki mun vera óalgengt að bændur víða um land taki að sér í hjáverkum að þjónusta nágranna sína á þessu sviði og mundi lögverndun í mörgum tilvikum koma í veg fyrir það fyrirkomulag.

Með frumvarpinu er fyrst og fremst horft til þeirra sem kaupa bókhaldsþjónustu. Með þeirri opinberu viðurkenningu sem hér er lögð til má gera ráð fyrir að sá sem vill kaupa þjónustu af hæfum aðila geti gengið að því vísu að fá slíka þjónustu ef fyrir liggur að viðkomandi þjónustuaðili hefur staðist þau próf sem lögð eru til í þessu frumvarpi. Þannig má ætla að viðskipti á þessu sviði færist til þeirra sem hlotið hafa opinbera staðfestingu á faglegri þekkingu sinni.“

<http://www.althingi.is/alttext/121/s/0758.html>

Orðalagið „viðurkenndur bókari“ er lögfest með lagabreytingu í 43.gr. laganna í apríl 1997.

<http://www.althingi.is/alttext/stjt/1997.029.html>

Breytingin á lögnum var samþykkt án athugasemda út úr nefnd.

<http://www.althingi.is/alttext/121/s/0978.html>

Ekki fundust athugasemdir við þessa tilteknu breytingu í umsagnarbréfum umsagnaraðila, til dæmis var ekki minnst á 43.gr. um viðurkennda bókarar í umsögn félags endurskoðenda. Hægt er að nálgast hana hjá Alþingi.

Þróun námstilhögunar og tilhögun erlendis:

Í fyrstu reglugerðinni sem byggð er á 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald: **Reglugerð um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókarar** (2001), segir í 1.gr: „*Prófnefnd þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, annast námskeið og próf til viðurkenningar bókarar. Prófnefnd er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt reglugerð þessari.*“

Í núgildandi reglugerð hefur orðið grundvallarbreyting á heiti og umboði nefndarinnar, en allur texti um nám var tekinn út: **Reglugerð um próf til viðurkenningar bókarar** (2012), en þar segir í 1.gr.

„*Prófnefnd viðurkenndra bókarar hefur umsjón með prófi til viðurkenningar bókarar samkvæmt 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.*“

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/473-2001>.

Horfa verður til þess að í orðalagi greinargerðarinnar með lögnum hér að ofan: „*geta sannreynt fagþekkingu sína í bókfærslu, reikningsskilum og skattarétti*“ felst að löggjafinn reikaði með að reyndir bókarar geti fengið staðfestingu á þekkingu sinni, fremur en að um væri að ræða tilurð starfstéttar sem sækti grunnám með hefðbundnum hætti. Einnig kom fram sá skilningur í textanum „*verkefni þau sem hér um ræðir eru núna framkvæmd af hópi manna sem alls ekki er samstæður eða sambærilegur innbyrðis*“, að þörf væri á að skerpa á samhæfingu þeirra sem unnu að bókhaldi og uppgöri. Mjög var mismunandi hvernig skil á gögnum voru, sérstaklega til skattsins, en æ flóknara skattalagaumhverfi leiðir til fleiri villna og þá meiri leiðréttinga. Frumkvæði að myndun stéttar sem sérfróð væri um einfaldari uppgjör hefðbundinna fyrirtækja og félaga mun svo að nokkru hafa komið frá skattinum, enda afleiðingar mestar þar af vankunnáttu á þessu sviði. Jafnframt var ljóst að mikill fjöldi hæfra aðila starfaði að reikningshaldi og uppgjöri, án þess að hafa nokkra staðfestingu á hæfni sinni, aðra en ef til vill gott orðspor.

Nám til undirbúnings prófs var því frá upphafi sniðið að því að fremur væri um upprifjun að ræða, sbr. orðalagið „Undirbúningsnám til viðurkenningar bókarar“, (heiti þess á námskeiði EHÍ). Upphaflega hafði prófanefnd með höndum að leita verktaka með námskeiðshaldið og lengi vel var Háskólinn í Reykjavík einn með námskeiðin, en eftir að námið var „gefið laust“ með reglugerðarbreytingunni árið 2012 hefur fjöldi ólíkra skóla tekið til við að halda námskeið til að undirbúa fólk fyrir prófin. Jafnframt er ekki skylt að sækja undirbúningsnám enda getur hver sem er skráð sig beint í próf prófanefndar og

fengið „viðurkenningu ráðherra á faglegri hæfni sinni“.

Ef gengið er út frá því að við tilurð 43. greinar um viðurkennda bókkara hafi fyrst og fremst verið horft til þess að koma staðfestingu á þann hóp fólks sem hafði starfsreynslu og þekkingu á bókhaldi og reikningskilum blasir við að upphafleg forsenda hvað námstilhögun varðar stenst ekki lengur.

Á átján árum hefur stéttin í raun „orðið til“ formlega (fyrstu prófin voru haldin árið 1998). Eðlilegt er að almenningur sé farinn að horfa til þess að hasla sér völl við greinina. Misfast er haldið utan um það hversu reyndir bókkarar komast til námskeiðs hjá hinum ýmsu skólum. Jafnvel er látið duga að sækja til undirbúnings nokkurra vikna grunnnám í bókhaldi til að kynna grundvallaratriði bókhalds. Ljóst er að slíkt námskeiðshald er hvorki sambærilegt áralangri reynslu af bókhaldi, né hefðbundnu námi. Reynt hefur verið í að minnsta kosti einhverjum skólanna að halda það grundvallarviðmið að fólk hafi talsverða reynslu af bókhaldi til að koma til upprifjunarnáms. Það á við dæmis hjá HR og EHÍ (þetta var ekki kannað hjá öllum skólum sem markaðssetja þetta nám). Jafnframt getur hver sá sem stúdentspróf hefur sótt námið óháð reynslu viðkomandi af bókhaldi sem slíku, enda er námið á háskólastigi eða metið til háskólaeininga eftir atvikum. Undirbúningsnámið hefur því að nokkru þróast frá því að vera til upprifjunar fyrir reynda, yfir í að vera í reynd grunnnám í bókhaldi, en án þeirrar teygni og yfirferðar sem nauðsynleg er til að spanna efnið við eðlilega kennslu.

Þess má geta að nám til sambærilegrar starfsstöðu / starfsviðs er tveggja-þriggja ára nám á háskólastigi til BS gráðu í t.d. Þýskalandi og á Norðurlöndunum, ýmist sem diplómanám eða undirstig til áframhaldandi náms í viðskiptafræðum eða til löggilts endurskoðanda.

Í Þýskalandi er bókkari (viðurkenndur bókkari) sá sem vinnur almennt við bókhald, en uppgjörsaðili (Bilanz buchhalter) sá sem hefur leyfi til að skila inn skattframtölum og ársuppgjörum minni aðila, sér um flókin vsk o.fl. Til að fá leyfi sem uppgjörsaðili þarf viðkomandi að vinna á stofu í einhvern tíma áður en hann fær að gangast undir próf. Einnig er til Euro Bilanz buchalter sem hefur leyfi til að gera upp vsk á milli landa til viðbótar hinu fyrra. Næst kemur venjulegur endurskoðandi sem gerir upp minni og millistór fyrirtæki þar næst kemur endurskoðandi sem gerir upp stærri fyrirtæki og opinbera aðila. Stærri fyrirtæki eru þá stór á þýska vísu. Þeir endurskoðendur sem gera upp fyrir ríkið þurfa síðan að taka sérstakt próf til að geta gert upp ríkisreikninga og ríkisstofnanir. Sjá má að þróun umboðs og ábyrgðar er mun lengra komin þar en hér.

Í Svíþjóð er um þriggja ára nám til BS gráðu að ræða og þurfa menn síðan starfsreynslu til sjö ára til að komast áfram inn í stöðu endurskoðandans, ef þeir hafa áhuga á því. Þessi stétt er kölluð „litlu endurskoðendurnir“ í Svíþjóð og hefur að mörgu leyti svipað umboð og viðurkenndir bókkarar hér, þrátt fyrir mun lengra nám. Þessi tvö stig í Svíþjóð bera heitin Godkänd revisor (viðurkenndur endurskoðandi), með leyfi til að gera upp minni fyrirtæki og Auktoriserad revisor (löggiltur endurskoðandi), sem er sambærilegt lögverndað starfsheiti og alls staðar annars staðar um löggilta endurskoðendur.

Í Danmörku heita þessi stig Godkent revisor og Statsautoriserat revisor og er það seinna verndaða heitið yfir löggilta endurskoðendur (Statsautoriserat - en „revisor“ er ekki verndað heiti).

Í Noregi er svipuð stétt og lög um hana eru kölluð „lov om autorisasjon av regnskapsførere“.

<https://lovdata.no/dokument/NL/lov/1993-06-18-109?q=regnskapsf%C3%B8rerloven>

Samkvæmt norskum lögum má sá sem selur fagþjónustu við bókhald (og er ekki löggiltur endurskoðandi) aðeins gera það ef hann hefur til þess réttindi, en fyrirtæki geta ráðið ómenntað starfsfólk sem vinnur undir fagfólki við bókhald: „All persons that offer accounting services to others have to be authorised in accordance with Norwegian law. Because the criteria is that the services are offered to others, authorisation is not needed for employees keeping the accounts for the company they work in,“ (texti frá ANR). Hér er gerður greinarmunur á ábyrgð og umboð þeirra sem kynna og selja þjónustuna, en á Íslandi getur í raun og veru hver sem er opnað bókhaldsstofu og kallað sig „fagaðila“. Orðalagið fagaðilar er notað á heimasíðu ríkisskattstjóra til dæmis í tengslum við frestlista við skil, en við eftirgrennslan var það skýrt þannig að það væri í reynd hver sá sem leggur fyrir sig vinnu við bókhald – óháð menntun eða umboði. Var það lögfræðingur hjá RSK sem varð fyrir svörum um það.

Rætt var við Snorra Jónsson sérfræðing hjá fjármálaeftirlitinu, sem haft hefur með höndum kennslu við viðskiptafræði við HÍ og þá kennt reikningshaldshlutann við undirbúningsnám til viðurkenningar bókara hjá EHI. Aðspurður kvaðst hann telja að ef reikningshaldshlutinn sem er til upprifjunar á námskeiðinu yrði kenndur á eðlilegum hraða miðað við almennt nám í HÍ þá þyrfti til þess eitt ár, svo hægt væri að fara breiðar og dýpra í efnið - í reynd til að kenna það. Er þá kennsla og yfirferð yfir skattalagahlutann ótalinn. Þess má geta að diplómanám (án prófgráðu) í viðskiptafræði við HÍ er 60-120 einingar, um það bil tvö ár í námi.

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=29054&kennsluar=current>

Undirbúningsnám EHI til viðurkenningar bókara er metið til 6 ECTS eininga í viðskiptafræði við HÍ ef viðkomandi nær prófum og uppfyllir önnur skilyrði skólans.

<http://www.endurmenntun.is/Namsbrautir/Agrunnstigi/Skoda/60008H16>

Þannig mætti ætla að tveggja ára nám sem færri breiðar og dýpra yfir bókhald, reikningshald og skattalagaumhverfi gæti gefið diplomastaðfestingu viðurkenndra bókara og talist fullnægjandi nám (ekki „upprifjun“), ef miðað er við kröfur sem viðurkenndir bókarar þurfa að standast og borið saman við svipaðar kröfur erlendis sem vísað er til hér að ofan. Diplómanám er ekki bundið sömu kröfum um stúdentspróf (sbr nám til að verða löggiltur fasteignasali (sjá hér neðar)).

Við teljum tvímælalaust kominn tíma til að færa námið frá upprifjun og að minnsta kosti yfir í a.m.k. stutt diplómanám á háskólastigi í ljósi þess að tugir eða hundruðir manna sækja nú árlega í prófin. Með litla sem enga starfsreynslu og aðeins „upprifjunarnám“ blasir við að ekki getur farið vel á til langs tíma miðað við upprunalegar forsendur fyrirkomulagsins. Þess má geta að meðaleinkunn í skattalagaprófinu 2015 var 4,85. Þessa meðaleinkunn má skoða í ljósi þess að skattalögin (íslensku tekjuskattslögin og virðisaukaskattslögin, auk allra reglugerða) voru „rifjuð upp“ á þremur 10 klst helgum t.d. við EHI.

Til dæmis um hag af framþróun stéttarinnar mætti nefna að viðurkenndur bókarari gæti yfirfarið bókhald og staðfest réttlæika þess áður en því væri skilað til skattsins, enda þótt viðkomandi rekstraraðili færði það sjálfur. Má nærri geta hversu mikill vinnusparnaður væri af slíkri staðfestingu fyrir hið opinbera, að ekki sé minnst á hagræði fyrir viðskiptavininn.

<<<< >>>>

Saga félagsins og fyrri samskipti vegna starfsheitis

Félag viðurkenndra bókara var stofnað árið 2002 og voru stofnfélagar um 30.¹⁾

Í lok árs 2006 voru um 100 félagar (gróft meðaltal 20 nýjir á ári/ á fyrstu 5 árunum).

Þegar félagið var 10 ára árið 2012 voru félagar ríflega 350 við lok ársins (gróft meðaltal 41 nýjir á ári/ á 6 næstu árum).

Nú í lok árs 2015, þrem árum síðar eru þeir hartnær 550 (gróft meðaltal 67 nýjir á ári/ á 3 næstu árum), en sá vöxur er frá sama tíma og námið var gefið frjálst með breytingu á reglugerð 2012.

36% félaga FVB hafa því bæst við félagið síðan námið var gefið laust. Frá upphafi hafa útskrifast yfir 820 viðurkenndir bókarar frá ANR, en ráðuneytið áætla að á milli 90-100 útskrifist árlega (ath að útskrift í febrúar 2016 er ekki inni í þessari tölu).

Mikið hefur verið rætt um starfsheiti bókara allt frá stofnun félagsins og óánægju gætti með það frá upphafi, enda var engin málhefð fyrir orðalaginu „viðurkenndur“ þegar þekking hafði á annað borð verið staðfest með prófum í íslensku menntakerfi. Hefðbundið var að nota orðið „löggiltur“ um slíka staðfestingu. Í febrúar árið 2003 skilaði félagið rökstuðningi til ráðuneytis með beiðni um endurskoðun á starfsheitinu með tilliti til löggildingar. Í svari ráðuneytisins í júní 2003, þar sem erindinu var synjað, segir: „Í flestum tilvikum fylgir lögverndun með heitinu „löggiltur“. Skýrt kemur fram í greinargerð með lögum nr. 29/1997 að ekki hafi tilgangur breytinganna í lögumum verið að búa til nýja lögverndaða stétt manna og því ekki hægt að bera þá stétt manna saman við t.d. endurskoðendur, fasteignasala og bifreiðasala. Jafnframt er námskeiðið fyrir viðurkennda bókara fyrst og fremst til þess fallið að auka og staðfesta þekkingu á bókfærslu helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum varðandi skattskil.“

Þarna kemur raunar aftur vel fram sá skilningur stjórnvalda að námið sé til upprifjunar.

Ekki fundust önnur bein gögn í fórum félagsins um að formlega hafi verið leitað hófanna með þetta aftur, en hins vegar hefur þetta verið rætt á vettvangi félagsins æ síðan. Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur hjá VR aðstoðaði félagið við mat á stöðu mála og eftirgrennsan fyrir allnokkrum árum, en ekki virðist hafa verið sent erindi til ráðuneytisins aftur og kvaðst hann aðallega hafa aflað upplýsinga og rætt málið munnlega við stjórn FVB og við ráðuneytið. Haft var samband við Skjalasafn Íslands og skjalavörð fjármálaráðuneytisins og fékkst staðfest að einu formlegu skjalfestu samskiptin sem hafa átt sér stað um þetta mál við félagið voru árið 2003.

Við eftirgrennsan nefndarinnar hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kom fram að afar ólíklegt sé að samþykkt verði að fá formlega löggildingu á starfsheitinu í dag, í ljósi þess að í dag er horfið frá slíkri löggildingu ýmissa starfstétta víða í Evrópu og einnig hér á landi. (Harpa Theodórsdóttir, ANR). Til dæmis um þetta hér á landi má nefna að verðbréfasalar hér fengu til skamms tíma starfsheitið „löggiltur verðbréfasali“ á Íslandi, en það heiti var tekið út og einungis er talað um að þeir hafi „staðist próf“ í dag. Það verður því að leggja mat á hvort raunhæft sé að sækja það fast að heitinu og umboðinu verði breytt í löggildingar bókara, en ljóst er að það verður ekki gert án samhengis við lengingu og dýpkun náms eða án samhengis við skerpingu á umboði og ábyrgð viðurkenndra bókara. Löggiltir fasteignasalar þurfa til dæmis að þreyja 90 ECTS eininga nám í dag (sambærilegt við eitt og hálf ár í háskóla) og jafnframt að vinna í 12 mánuði hjá gildum fasteignasala til að fá sína löggildingu. Ábyrgð þeirra hefur verið skýrð og hert til muna, til dæmis með nýrri lagasetningu á síðasta ári. Það er mikill munur á þessu og stuttu upprifjunarnámskeiði sem metið er til 6 ECTS eininga og munurinn felst fyrst og fremst í náms- og verkreynslukröfum.

<http://www.endurmenntun.is/Namsbrautir/Agrunnstigi/Skoda/50009v16>

Samantekt:

Ljóst er að „upprifjunarnámið“ til viðurkenningar bókara vaxið langt frá því sem lagt var upp með af hálfu löggjafans. Mikill fjöldi fólks sækir námið í dag án þess að hafa teljandi eða jafnvel nokkra starfsreynslu við bókhald, en lagt var upp með að fólk gæti fengið **fagþekkingu sína staðfesta** með prófum (og stuttu upprifjunarnámi).

Miðað við þá stöðu sem uppi er í dag verður að teljast að tímabært sé að endurskoða tilhögun námsins, gera það ítarlegra og dýpra og færa það nær því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar þar sem um diplómanám eða nám á háskólastigi er að ræða. Reikna verður með að upprunalegum tilgangi hafi að mestu verið náð á síðustu átján árum, að sækja þá til náms og prófs sem gátu fengið reynslu/fagþekkingu staðfesta.

Heitið Viðurkenndur bókari hefur unnið sér ágætan sess í íslensku atvinnulífi síðan það varð til og er orðið allþekkt í dag. Það er samt sem áður rík ástæða til að vernda stéttina, skýra umboð hennar og ábyrgð og stuðla að framþróun hennar. Þetta er áriðandi ljósi þess að fólk sækir inn í stéttina sem ekki hefur reynslu og fær í reynd ekki aðgang að hefðbundnu námi henni tengt heldur aðeins námskeiðum. Það hefur ekki heldur sömu tækifæri til að öðlast starfsreynslu á vinnumarkaði með sömu forsendum og voru áður en starfstéttin varð til. Hvort sem heitinu yrði breytt eða ekki, myndi það stuðla að traustum grundvelli stéttarinnar til framtíðar að lengja og dýpka námið og þróa það frá því að vera „upprifjun til staðfestingar á fagþekkingu“. Miða verður við að í framtíðinni komi fólk almennt komi til slíks náms með eða án starfsreynslu, enda um nýja skilgreinda íslenska starfstétt að ræða.

Við leggjum til félagið beiti sér fyrir því hjá stjórnvöldum að unnið verði að ítarlegra námi, jafnframt því að umboð og ábyrgð viðurkenndra bókara verði betur skilgreint. Við mælum með að horft verði til þeirra nágrannalanda okkar þar sem þróun er lengra komin um tilhögun náms og stöðu stéttarinnar.

Reykjavík, janúar 2016

Hallgerður Hauksdóttir starfandi formaður FVB
Magdalena Lára Gestsdóttir laga-samskipta-og aganefnd FVB
Esteer Ottesen félagi í FVB

ritari: Hallgerður Hauksdóttir.

¹⁾ Félag viðurkenndra bókara var stofnað 26. Jan 2002 og voru 33 stofnfélagar skv heimasíðu félagsins, en 30 skv. fundargerðabók. 34 nýskráðir á fyrsta aðalfundi í nóv 2202. + 14 á kynningafundi 30 jan 2003 + 13 þann 26 mars 2004 (fundagerðarbækur).

Félagaskrá: filterað eftir árum, Árið 2006 voru skráðir í félagið 91 (skráning á árunum 2002-2006).

2007 nýskráðir: 28

2208 nýskráðir: 34

2009 nýskráðir: 35

2010 nýskráðir: 53

2011 nýskráðir: 63

2012 nýskráðir: 49

2013 nýskráðir: 65

2014 nýskráðir: 74

2015 nýskráðir: 53 (til 1.nóv 2015)

Rétt um 550 félagar voru skráðir í FVB í nóvember 2015. Hafa þeir í huga að ekki er tekið tillit til afskráninga í félagaskrá, einungis virkir félagar eru þar inni. Lítið er um afskráningar úr félaginu, en þó fáeinir árlega.